

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 140/473
komudagur 28.11.2011

Reykjavík, 23. nóvember 2011

Félag leiðsögumanna þakkar umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fyrir að leita til félagsins um umsögn við frumvarpi til laga um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll), 63. mál.

Félagið lýsir yfir stuðningi sínum við málið en gerir þá athugasemd að fésektir við umræddum spjöllum eru of lágar og leggur til að þær verði að lágmarki 500.000 kr.

Umræða

Ljóst er þó að ekki duga fésektirnar einar til að koma í veg fyrir náttúruspjöll sem þessi og leggur félagið til að reglulega og á markvissan hátt verði athygli landsmanna vakin á því að slík spjöll eru óafturkræf; náttúran verður aldrei söm á ný.

Nauðsynlegt er að hafa upp á þeim sem spjöllunum valda og að þeir greiði sektina, **til þess að þetta sé gerlegt þarf að auka sýnilega löggæslu til muna.** Ákjósanlegast væri að fésektirnar færu í sjóð sem nýttur væri til umbóta á náttúrusvæðum.

Einnig væri vel hægt að höfða í ríkari mæli til landsmanna um að stemma stigu við athæfi sem þessu og að þeir láti vita þegar þeir verða vitni að slíku athæfi. Þá má segja að landsmenn séu hluti af því eftirliti sem opinberir aðilar þurfa að sinna svo uppræta megi hegðun sem þessa. Á það má benda að landsmenn eru nú þegar að vinna á þann hátt, m.a. með því að nýta sér samfélagsmiðla og þaðan verða upplýsingarnar opinberar, dæmi:

http://mbl.is/frettir/innlent/2011/11/22/oafturkraefar_skemmdir_a_naturunni/

Félagið gerir jafnframt þá athugasemd að í gildandi lögum, sem og í þeim nýju, eru ákvæði sem eru þess eðlis að gerandinn er settur í þær aðstæður að meta sjálfur hættu á hugsanlegum skaða.

Dæmi: Utanvegaakstur er bannaður, nema á veturna þegar jörð er hulin snjó, eða jörð svo frosin að ekki er hætt á spjöllum. Félagið telur ekki stætt á því að treysta eigi á mat hvers og eins í eins viðkvæmu málefni og þessu. Frekar ætti að setja reglur sam banna allan akstur utan vega. Slíkar reglur eru í gildi í Noregi og vel mætti fara að dæmi Norðmanna. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á að vafasamt hlýtur að teljast að ásættanlegt sé að bændur hafi ótakmarkað leyfi til að aka utanvega við smalamennsku.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags leiðsögumanna,

Hjalti Björnsson, formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/227
komudagur 17.11.2011



Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK


Akranesi 16.11.2011
Tilvísun: V201111020

Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um frumvarp til laga um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll), 63 mál.

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 15. nóvember 2011 þar sem óskað er umsagnar Landmælinga Íslands um frumvarp til laga um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll), 63 mál.

Landmælingar Íslands gera ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Stofnunin telur þó æskilegt að fjallað sé um þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpinu um leið og fjallað er um frumvarp umhverfisráðherra 225. mál um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum sem ráðherra mælti fyrir á Alþingi þann 15. nóvember 2011. Í því frumvarpi eru atriði sem varða starfsemi Landmælinga Íslands við gerð, viðhald og miðlun upplýsinga úr gagnagrunni um opinbera vegi og slóða á Íslandi.

Bestu kveðjur


Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08.12.2011
Tilvísun vor: 98.11

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/761
komudagur 9.12.2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, með síðari breytingum, 63. mál

Að beiðni nefndasviðs Alþingis hefur Landsvirkjun fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum, þingskjal 63. mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011 – 2012.

Tilgangur frumvarpsins er að herða viðurlög skv. 76. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd við stórfelldum spjöllum á náttúru landsins einkum aksturs utan vega. Lagt er til að það verði gert annars vegar með ákvæðum um lágmarkssekt að upphæð kr. 250.000 eða fangelsi allt að fjórum árum. Hins vegar er mælt fyrir um að gera megi upptæk með dómi vélknúin ökutæki sem notuð hafi verið við brot gegn ákvæðum laganna, eða upphæð sem svari til andvirðis þeirra í heild eða að hluta. Landsvirkjun er sammála því að ástæða sé til að setja viðurlög við stórfelldum spjöllum á náttúru landsins en tekur ekki afstöðu til framangreindra tillagna um refsíákvæði.

Landsvirkjun styður þær áhyggjur sem fram koma í umsögn Samorku um nokkuð óljósri stöðu nauðsynlegra forrannsókna í þessu sambandi. Í 17. gr. laganna, um akstur utan vega, segir m.a.: „*Ráðherra kveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, í reglugerð á um aðrar undanþágur frá banni skv. 1. málsl. 1. mgr., m.a. vegna starfa manna við landbúnað, landmælingar, línu- og vegalagnir og rannsóknir.*“

Undanþága varðandi línulagnir og lagnir annarra veitukerfa eru nokkuð skýrt í 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005, um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands, hafi viðkomandi framkvæmdir fengið leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum. Öðru máli gegnir um rannsóknir, í reglugerðinni eru þær skilgreindar þannig: „*Lögbundnar rannsóknir og aðrar rannsóknir sem eru í samræmi við leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum.*“ Þetta ákvæði þarf að lagfæra til að tryggja að Umhverfisstofnun geti veitt heimildir vegna almennra rannsókna, svo sem kortlagningar á landi, jarðfræði, vatnafari og gróðri, vatnamælinga og jarðeðlisfræðilegra mælinga sem þarf m.a. vegna forathugana á virkjunarhugmyndum. Að sjálfsögðu þurfa þeir sem að slíkum rannsóknum koma að takmarka akstur utan vega og gæta sérstakrar varkárni til að forðast að valda spjöllum á náttúru. Með ökutækjum sem henta til aksturs utan vega, góðu skipulagi og því að vinna að rannsóknum á árstíma þegar áhrif eru minnst má draga verulega úr hættu á spjöllum en engan veginn er þó hægt að útiloka að einhver spor séu skilin eftir. Nánar er fjallað um þetta atriði í umsögn Samorku um frumvarpið dags. 25. nóvember sl. Landsvirkjun tekur undir þá umsögn.



Landsvirkjun vekur jafnframt athygli á að ef frumvarpið nær fram að ganga þyrfti að skýra betur hvað átt er við með „stórfelld spjöll á náttúru landsins“ annað hvort með breytingu á frumvarpinu eða í reglugerð. Þá telur fyrirtækið æskilegt að skilgreina betur hvað átt er við með „akstur utan vega“. Í reglugerð nr. 528/2005 segir: „*Vegur: Varanlegur vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er að staðaldri til umferðar.*“

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 140/486
komudagur 28.11.2011

28. nóvember 2011

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll)

Stjórn Landverndar telur mikilvægt að endurskoða refsíabyrgð í núverandi náttúruverndarlögum, eins og fyrirbyggjandi frumvarp kemur inn á. Landvernd tekur undir þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, en bendir jafnframt á að við heildarendurskoðun laganna þurfi að huga að fleiri þáttum er varða refsíabyrgð en hér er tekið á. Reyndar telur stjórn Landverndar að almennt þurfi að auka og skýra heimildir í náttúruverndarlögum til að beita þvingunarúrræðum sé gengið gegn lögnum. Í núverandi lögum eru fremur fá slík úrræði.

Í hvítbók um löggjöf til verndar íslenskrar náttúru er fjallað um refsíabyrgð (23. kafli). Mikilvægt er að grundvöllur refsíabyrgðar sé skýr. Í hvítbókinni er talið að skýrleika megi bæta með því að tilgreina þau ákvæði laganna sem leiða til refsíabyrgðar, eins og gert er í norsku lögnum um fjölbreytni náttúrunnar (bls. 426). Þetta atriði þarfnast frekari athugunar.

Í hvítbókinni er lögð áhersla á að refsing sé stígskipt eftir alvarleika brots. Fyrirliggjandi drög að breytingum á náttúruverndarlögum taka á þessu atriði, því 1.gr. frumvarpsins fjallar um refsingu við alvarlegum náttúruspjöllum og bætist við 76. grein núverandi laga. Þar með er refsíabyrgðin orðin stígskipt, sem er vel.

Í frumvarpinu er talað um „stórfelld náttúruspjöll“, en það skortir skilgreiningu á hvað felst í því. Í hvítbók um náttúruvernd er talað um að alvarleg brot séu þau sem „fela í sér náttúruspjöll á friðlýstum svæðum, eyðingu tegunda og spjöll sem hafa í för með sér verulega fækkun tegundar [hér væri að mati Landverndar nær að tala um fækkun í stofni tegundar] sem og meiriháttar jarðrask og rask á jarðminjum“ (bls. 431). Stjórn Landverndar telur mikilvægt að skilgreina þetta atriði vel og telur að grunn að slíku sé að finna í ofangreindri tilvitnun í hvítbók um náttúruvernd. Þó ætti þetta atriði að ná til fleiri svæða en friðlýstra, m.a. svæða sem njóta eiga sérstakrar verndar samkvæmt 37. grein núverandi náttúruverndarlaga.

Í hvítbók um náttúruvernd er einnig rætt um nauðsyn á skilvirkari viðurlagaúrræðum vegna aksturs utan vega. Þá er þar rætt um mikilvægi þess að mæla fyrir um refsíabyrgð lögaðila og að heimilt verði að refsa vegna brota sem framin eru af gáleysi. Stjórn Landverndar telur að huga þurfi betur að þessum atriðum og leggur til að það verði gert við heildarendurskoðun náttúruverndarlaga.

Stjórn Landverndar gerir ekki athugasemdir við 2. grein frumvarpsins.

Reykjavík, 28. nóvember 2011

Fyrir hönd Landverndar

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
framkvæmdastjóri Landverndar

Alþingi
Erindi nr. E 140/764
komudagur 12.12.2011

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. desember 2011
2011110013/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll), 63. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll), 63. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framangreind frumvarp. Í Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands á bls. 431 í kafla 23.10.5 segir m.a. um refsingar: *Nefndin telur mikilvægt að brot sem varða refsingu séu skilgreind af kostgæfni og að refsing sé stigskipt eftir alvarleika brota. Brot sem telja má mjög alvarleg eru brot sem fela í sér náttúruspjöll á friðlýstum svæðum, eyðing tegunda og spjöll sem hafa í för með sér verulega fækkun tegundar sem og meiri háttar jarðrask og rask á jarðminjum. Nefndin telur þörf á skilvirkari viðurlagaúrræðum vegna aksturs utan vega og leggur til að lögreglu verði heimilt að sekta fyrir slík brot með sama hætti og fyrir hraðakstur.*

Nefndin telur mikilvægt að mælt verði fyrir um refsíðabyrgð lögaðila. Til greina kemur að mati nefndarinnar að heimilt verði að refsa vegna brota sem framin eru af gáleysi.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að herða á ákvæðum í lögum sem heimila refsingar vegna brota á lögum um náttúruvernd. Að sama skapi þurfi að skilgreina vel stigskiptingu refsinga eftir alvarleika brota. Náttúrufræðistofnun telur lágmarkssekt 250.000 kr. eða fangelsi allt að allt að fjórum árum fyrir **stórfelld spjöll** á náttúru landsins ekki vera óeðlilegt. Náttúrufræðistofnun vill að það komi fram að stofnunin hefur ekki hlutverk við að ákveða eða meta gildi refsinga en hefur frekar hlutverk við að fyrirbyggja að náttúruspjöll séu fram sbr. ráðgjafahlutverk stofnunarinnar skv. lögum. Náttúrufræðistofnun telur að vanda eigi til skilgreininga á alvarleika brota og að sama skapi auðvelda sektir vegna augljósra brota sbr. vísun í hraðakstur hér að framan.



Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstóri



Trausti Baldursson





Alþingi
Erindi nr. P 140/258
komudagur 18.11.2011

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 16. nóvember 2011

Tilvísun: 2011110099

50.03



Tilvísun yðar: Þskj. 63- 63. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd með síðari breytingum, 63. mál

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 15. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til breytinga á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd með síðari breytingum, 63. mál. Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra er ekki tekin afstaða til frumvarpsins.

F.h. RLS

 
Guðmundur Guðjónsson / Hildur Georgsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 140/443
komudagur 25.11.2011

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

25. nóvember 2011

Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, með síðari breytingum, 63. mál

Frumvarpinu er ætlað að herða viðurlög skv. 76. gr. laganna við stórfelldum spjöllum á náttúru landsins og er einkum horft til aksturs utan vega í þeim efnum. Annars vegar í 1. gr. mælt fyrir um lágmarkssekt að upphæð kr. 250.000, eða fangelsi allt að fjórum árum. Hins vegar er í 2. gr. mælt fyrir um að gera megi upptæk með dómi vélknúin ökutæki sem notuð hafi verið við framningu brots gegn ákvæðum laganna, eða upphæð sem svari til andvirðis þeirra í heild eða að hluta.

Samorka styður að sjálfsögðu að viðurlög séu við stórfelldum spjöllum á náttúru landsins, þótt samtökin taki ekki afstöðu til framangreindra refsíákvæða sem slíkra. Samtökin vilja hins vegar vekja athygli á nokkuð óljósri stöðu nauðsynlegra forrannsókna í þessu sambandi. Í 17. gr. laganna, um akstur utan vega, segir:

17. gr. Akstur utan vega.

- *Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum, svo og á snjó utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin.*
- *Ráðherra kveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, í reglugerð á um aðrar undanþágur frá banni skv. 1. málsli. 1. mgr., m.a. vegna starfa manna við landbúnað, landmælingar, línu- og vegalagnir og rannsóknir. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, takmarkað eða bannað akstur á jöklum og á snjó þar sem hætta er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.*
- *Ólögmatgur akstur utan vega varðar refsingu, sbr. 76. gr.*

Varðandi skyggða textann í 2. málslið eru línulagnir og lagnir annarra veitukerfa nokkuð skýrt undanþegin í reglugerð nr. 528/2005, um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands, hafi viðkomandi framkvæmdir fengið leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum. Í 5. gr. eru þó eðlilega talin upp ýmis atriði sem virða beri í þessu sambandi, varðandi akstur utan vega vegna tiltekinna starfa. Í reglugerðinni eru rannsóknir hins vegar skilgreindar þannig:

Lögbundnar rannsóknir og aðrar rannsóknir sem eru í samræmi við leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum.



Nú er það svo að í tengslum við ýmsar framkvæmdir – t.d. við veitumannvirki, línulagnir og virkjanir – getur þurft að vinna almennar rannsóknir, forrannsóknir. Að sjálfsögðu reyna viðkomandi fyrirtæki eftir fremsta megni að fara með gát um náttúrusvæði, þótt ekki sé hægt að útiloka að slíkar rannsóknir skilji eftir sig einhver spor. Ekki er hins vegar ljóst hvort framangreint ákvæði í reglugerð nær yfir þær rannsóknir sem e.t.v. þarf að gera. Ljóst er að þær verða ekki allar flokkaðar sem lögbundnar rannsóknir. Hvort þær flokkast sem rannsóknir sem séu í samræmi við leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum er ekki eins skýrt. Ekki liggja alltaf fyrir skýr leyfi fyrir slíkum forrannsóknum. Þarna þyrfti því að mati Samorku að veita aukið svigrúm en núverandi texti reglugerðarinnar heimilar.

Samorka vill því beina því til umhverfis- og samgöngunefndar að hún leggi jafnframt til að texta 17. gr. verði breytt á þá lund að forrannsókna verði þar getið, með því að setningin sem skyggð er hér að framan verði látin enda á orðunum „forrannsóknir og aðrar rannsóknir.“ Til vara beinir Samorka því til nefndarinnar að hún mælist til þess í nefndarálitum að framangreindu reglugerðarákvæði – eða öllu heldur skilgreiningu á rannsóknum í framangreindri reglugerð – verði breytt á þá lund að forrannsóknir rúmist þar. Að mati Samorku er afar mikilvægt að hægt verði að sinna slíkum rannsóknum í góðri sátt við lög um náttúruvernd.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Gústaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/485
komudagur 28.11.2011

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík



Reykjavík 28. nóvember 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum. Þskj. 63 - 63. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999 og hafa eftirfarandi athugasemdir.

SAF vilja koma því á framfæri að þau telja rétt að beitt sé ströngum viðurlögum við ólögmatum akstri utan vega enda náttúran eitt helsta aðdráttarafl innlendra sem erlendra ferðamanna. SAF taka að öðru leyti ekki afstöðu til umfangs þeirra refsinga sem beitt er vegna utanvegaaksturs. Hins vegar er nauðsynlegt að taka fram að kortagrunnur varðandi vegi og vegslóða er ófullkominn og geta komið upp tilvik þar sem aðilar eru dæmdir til sekta að ósekju. SAF telja því eðlilegt að breytingar á refsiaðkvæðum laganna verði gerðar samhliða útgáfu nýs kortagrunns.

Samtökin mótmæla alfarið áformum í frumvarpinu um heimild til upptöku ökutækja og benda á að ökutæki geta verið í útleigu sbr. bílaleigubílar eða eigandi bifreiðar og ökumaður ekki sami aðilinn. Að auki geta ökutæki verið í mismunandi ásigkomulagi og gríðarlegur munur á andvirði þeirra. SAF telja að einfaldast sé að binda utanvegaakstursbrot við gerandann og beita hann sektum eða öðrum viðurlögum.

Virðingarfyllst

Samtök ferðaþjónustunnar
Gunnar Valur Sveinsson

Alþingi
Erindi nr. P 140/496
komudagur 29.11.2011



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. nóvember 2011

Tilvísun: 2011010068 /

**Efni: um breytingu á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum.
Til umsagnar - 63. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.**

Skipulagsstofnun barst tölvupóstur frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 17. nóvember 2011, þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd, þingskjal 231 — 225. mál. Skipulagsstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri

Í 1. gr. í frumvarði um breytingu á lögum um náttúruvernd er fjallað um Líffræðileg fjölbreytni: Breytileiki meðal lífvera á öllum skipulagsstigum lífs, þ.m.t. öll vistkerfi á landi, í sjó og ferskvatni og vistfræðileg tengsl þeirra. Hugtakið nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og í vistkerfum. Skipulagsstofnun telur um óheppilega orðnotkun að mati Skipulagsstofnunar. Hugtakið nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og í vistkerfum. Hér er lagt til að notast verði við orðalagið "...á öllum stigum lífs..."

Í nýjum skipulagslögum nr. 123/2010 er skýrt kveðið á um samráð við upphaf skipulagsgerðar. Af því leiðir að skylt sé að hafa samráð við Umhverfisstofnun við upphafs skipulagsgerðar þegar unnið er skipulag á náttúruverndarsvæðum og svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Vegna fyrrgreinds ákvæðis í skipulagslögum telur Skipulagsstofnun að betra væri að 3. ml. e-liðar 37. gr. náttúruverndarlaga verði:

„Skyllt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en deiliskipulagstillaga er auglýst eða leyfi er veitt á grundvelli grenndarkynningar eða meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 1. tl. ákvæða til bráðbirgða skal leyfisveitandi leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, viðkomandi náttúruverndarnefndar og eftir atvikum annarra fagstofnana. Við mat á skipulagstillögu eða leyfisumsókn skal sérstaklega huga að mikilvægi svæðis og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Afrit af útgefnu leyfi skal sent Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.“


Erna Hrönn Geirsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 140/527
komudagur 30.11.2011




Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 28. 11. 2011

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til laga um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll), 63. mál.

Skógrækt ríkisins gerir ekki sérstakar breytingartillögur við frumvarpstextan. Hins vegar er rétt að benda á að Skógrækt ríkisins hefur langa reynslu af því að fást við vernd tiltekins þáttar náttúrunnar, þ.e. skóga. Sú reynsla er öll á þann veg að kynning, fræðsla og hvatning skila mun betri árangri en hótun þungra refsinga. Líklegt er að sama gildi um náttúruvernd almennt.

F.h. Skógræktar ríkisins


Pröstur Eysteinnsson
Sviðsstjóri Þjóðskóganna

Alþingi
Erindi nr. P 140/480
komudagur 28.11.2011

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd - 63. mál, þskj. 63 - umsögn

Með tölvubréfi, dags. 15. nóvember 2011 sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll), 63. mál.

Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að sérstakt lágmark refsinga, 250.000 kr. sektir, verði áskilið fyrir stórfelld brot á lögum um náttúruvernd. Einnig er lagt til að hámark refsinga verði fjögur ár fyrir slík brot. Hámark refsinga er 2 ár nú. Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gera megi upptæk með dómi vélknúin ökutæki sem hafa verið notuð við framningu brots gegn ákvæðum laganna og að í stað upptöku á vélknúnum ökutækjum skv. 1. mgr. megi gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis þeirra í heild eða að hluta.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að megintilefni flutnings frumvarpsins er það mat að refsingar fyrir utanvegaakstur séu of vægar auk þess sem á skorti að nægileg úrræði séu til staðar í löggjöf. Umhverfisstofnun bendir á að einnig liggur nú fyrir frumvarp umhverfisráðherra sem einnig er ætlað að stuðla að því markmiði að styrkja lagaákvæði um bann við akstri utan vega, 225. mál. Umhverfisstofnun telur að helsti galli núverandi lagaákvæða um akstur utan vega sé of opin skilgreining hugtaksins vegur og er frumvarpi umhverfisráðherra ætlað að bæta úr því.

Stofnunin telur þá tillögu sem fram kemur í þskj. 63, að heimila upptöku á vélknúnum ökutækjum, áhugaverða og að hún kunnir að stuðla að auknum varnaðaráhrifum eins og fram kemur í athugasemdum.

Stofnunin bendir á að skv. 179. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 skal sá sæta fangelsi allt að 4 árum sem gerist sekur um: „meiri háttar brot gegn lagaákvæðum um verndun umhverfis með eftirfarandi verknaði:

1. Mengar loft, jörð, haf eða vatnasvæði þannig að af hlýst verulegt tjón á umhverfi eða veldur yfirvofandi hættu á slíku tjóni.
2. Geymir eða losar úrgang eða skaðleg efni þannig að af hlýst verulegt tjón á umhverfi eða veldur yfirvofandi hættu á slíku tjóni.
3. Veldur verulegu jarðraski þannig að landið breytir varanlega um svip eða spillir merkjum náttúruminum.“

Framangreind tillaga skv. þskj. 63 svipar mjög til ákvæðis 179. gr. hegningarlaga. Sá munur er þó á að hegningarlagaákvæði tilgreinir „meiri háttar brot“ á meðan tillagan tilgreinir „stórfelld“ brot. Ekki er ljóst hver munurinn er á þessu tvennu og ekki koma fram skýringar á

Því í frumvarpinu. Ekki er heldur vísað til framangreinds ákvæðis hegningarlaga. Hegningarlagaákvæðið vísar til lagaákvæða um verndun umhverfis og tekur þannig til löggjafar um náttúruvernd sbr. einkum 3. lið. Umhverfisstofnun telur það kost að hegningarlagaákvæði tilgreinir tilteknar athafnir í verknaðarlýsingu. Ekki er um slíka verknaðarlýsingu að ræða í framangreindri tillögu í þskj. 63. Umhverfisstofnun telur samkvæmt framansögðu að útfæra þurfi nánar 1. gr. frumvarpsins

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 140/389
komudagur 23.11.2011



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. nóvember 2011
Tilvísun: 2010120019
HrH/BH

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd, 63. mál.

Með tölvupósti dags. 15.11.2011 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint frumvarp.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri